

Hafnarfjarðarbær  
B.t. Berglindar Guðmundsdóttur  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

00.80 HP, PS Garðabær 5. febrúar 2019

## ***Nýting námu í Undirhlíðum undir skógræktaráform***

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 28. janúar 2019 var lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar frá 20. desember 2018, þar sem óskað er umsagnar um erindi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar til Hafnarfjarðarbæjar frá 14. nóvember 2018. Í erindinu óskar Skógræktarfélagið að fá að nýta efnisnámu í Undirhlíðum til ræktunar á jólatrjám.

Eftirfarandi bókun var gerð:

*Heilbrigðisnefnd vísaði málinu til afgreiðslu hjá heilbrigðiseftirliti*

### *Greinargerð.*


Í erindi skógræktarfélagsins óskar félagið eftir því að Hafnarfjarðarbær fallist á að afhenda félaginu námu við Bláfjallaveg og allt svæðið í norðanverðum Undirhlíðum milli „Litla- og Stóra Skógarhvamms“ til umsjónar og ræktunar.

Náman er inni á fjarsvæði vatnsverndar vegna vatnsbólanna í Kaldárbotnum. Botn hennar er klöpp og skammt niður á grunnvatn sem líkur eru á að geti streymt til vatnsbóla Hafnfirðinga í Kaldárbotnum. Ljóst er að ef farið verður í áformaða skógrækt innan marka námunnar þurfa að koma til miklir flutningar á jarðvegi og hrossataði eða öðrum áburðarefnum. Efnisflutningum mun einnig fylgja umferð vinnuvéla og flutningabifreiða.

Á undanförunum misserum hefur síritandi hæðarmælum verið komið fyrir í fjölda borhola norðar á vatnsverndarsvæðinu til að vakta grunnvatnshæð og til að fá betri mynd af grunnvatnsstraumum. Nú er verið að setja upp slíka mæla á svæði Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Þá er einnig uppi áform um boranir á verndarsvæðinu til að fá fyllri upplýsingar um grunnvatnsstrauma.

Á vegum sveitarfélaga og vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu eru áform um ítarlegar rannsóknir á suðurhluta vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Heilbrigðiseftirlitið telur ótímabært að verða við erindinu fyrr en niðurstöður úr fyrrnefndum rannsóknum liggja fyrir og að sýnt hafi verið fram á að öryggi vatnsbólanna verði ekki stefnt í hættu. Heilbrigðiseftirlitið leggst ekki gegn áformum um hóflega skógrækt utan námunnar á svæði sem tilgreint var í erindi skógræktarfélagsins.

F.h. heilbrigðisnefndar



Hörður Þorsteinsson  
frankvæmdastjóri.

